

Nýstúdentarnir Emil Róbert Smith og Sólveig Ásta Bergsveinsdóttir héldu ræður fyrir hönd nýstúdenta á útskrift 22.maí 2015.

Útskriftarræðan

Kæru kennarar, starfsmenn, útskriftarnemar og aðrir gestir.

Við heitum Emil og Sólveig Ásta og ætlum við að flytja smá ræðu fyrir hönd útskriftarnemana hér í dag.

Síðastliðin ár í FSN hafa verið lærdómsrík, viðburðarrík og síðast en ekki síst skemmtileg. Í FSN er ekki þessi hefðbundni kennslumáti en í FSN lærir maður margt til að mynda sjálfstæð vinnubrögð, að koma fram og margt fleira.

Þegar við hugsum til baka úti skólagönguna er margt skemmtilegt sem kemur upp í hugann, eins og t.d. skíðaferðin til Akureyrar, menningarferðin til Reykjavíkur og Berlínarferðin sem við tvö fórum í með fullt af öðrum skemmtilegum krökkum.

Berlínarferðin átti upphaflega að vera voða ábyrgðarfull menningarferð en vegna verkfalls komst engin starfsmaður skólans með en frábærir foreldrar fylltu í skarðið svo við kæmumst út. Ferðin breyttist þá skyndilega úr menningarferð í skemmti, skoðunar og verslunarferð.

Bíddu, það er samt alveg menning að drekka þýskan bjór í Þýskalandi, er það ekki?

Hahahaha.. þetta var alla vega ógleymanleg ferð enda mynduðust góð vinatengsl og frábærar minningar.

FSN bíður svo ekki einungis uppá frábært staðnám heldur hef ég líka reynslu á fjarnáminu og gæti ég ekki ímyndað mér að hafa tekið það í einhverjum öðrum skóla, því í FSN myndast góð tengsl milli kennara og nemenda og flestir þeirra eru tilbúnir að aðstoða mann hvenær sem, jafnvel um helgar.

Í FSN er starfandi frábært nemendafélag en við höfum tekið virkan þátt í því öll árin okkar og höfum við tvö samanlagt gengt öllum embættum innan nemendafélagsins fyrir utan forseta. Í nemendafélaginu lærir maður ótrúlega margt enda er miklum tíma eytt inná nemó, enda sést það kannski á einkunnablöðunum okkar.

Við erum ótrúlega þakklát fyrir það að hafa þennan frábæra skóla hérna og hafa haft það tækifæri til að stunda nám við hann, okkur langaði báðum í nám til Reykjavíkur svo að FSN var aldrei draumurinn en við erum þó ótrúlega ánægð með það að foreldrar okkar hafi ekki gefið okkur leyfi til að fara í burtu, og við fórum í FSN. Ef við gætum spólað til baka hefðum við ekki breytt neinu, nema við hefðum valið FSN sjálf.

Það verður sárt að kveðja FSN en núna taka við nýir og spennandi tímar.

Við viljum enda á því að þakka öllum starfsmönnum og kennurum skólans fyrir, og þá sértaklega, Helgu Lind, Jóni Eggerti og Hrafnhildi, þetta þriggja manna teymi er æðislegt og vill allt fyrir mann gera, einnig viljum við þakka Hafsteini eða Hadda tattoo, Freydísi og Loft fyrir ómetanlega hjálp við störf Nemendafélagsins.

Við óskum Jóni og Helgu velfarnaðar í því sem þau taka sér fyrir hendur, og er það mikill missir fyrir skólann að missa þau.

Takk fyrir allt saman FSN, þessi ár eru okkur ógleymanleg.